



Samþykkt Samiðnar um ákvörðun kjararáðs

Miðstjórn Samiðnar mótmælir harðlega niðurstöðu kjararáðs um hækkun launa æðstu embættismanna og þingmanna. Niðurstaða kjararáðs er ekki í neinu samræmi við þann launaramma sem samið hefur verið um á almennum vinnumarkaði.

Miðstjórn Samiðnar krefst þess að ákvörðun kjararáðs verði dregin til baka og færð til samræmis við launabreytingar hjá öðru launafólki.

Verði niðurstaða kjararáðs látin standa má ljóst vera að hún verður leiðandi fyrir þá kjarasamninga sem framundan eru og kallar á endurskoðun gildandi kjarasamninga.

Einnig krefst miðstjórn Samiðnar þess að skipan í kjararáð verði tekin til endurskoðunar og tryggt verði að farið sé eftir gildandi lögum og að ákvarðanir ráðsins rúmist í innan þeirra launastefnu sem mótuð hefur verið í landinu hverju sinni.

Krafa Samiðnar er að hér á landi verði skapaðar traustar undirstöður undir félagslegan og efnahagslegan stöðugleika þannig að hægt verði að byggja hér upp varanlega aukinn kaupmátt og bætt lífskjör.

Ákvörðun kjararáðs gengur gegn þessum skýra vilja Samiðnar.

Reykjavík, 14. nóvember 2016